

**307. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp,
þriðjudaginn 10. september 2024 og hófst hann kl. 18:15.**

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía
Sigurmundsdóttir varaformaður og Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Anna Berta Heimisdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar og frumhönnun

Skipulags- og umhverfisráð fjallar um næstu skref í verkefninu.

Skipulags- og umhverfisráð hefur komist að eftirfarandi niðurstöðu um næstu skref í skipulagi Jaðarsbakkasvæðis:

Lagt er til að aðalstúku verði snúið samsíða Akraneshöll og samhliða því verði aðalvelli knattspyrnunnar snúið.

Lagt er til að fella starfshóp um Jaðarsbakka niður að svo stöddu og að skipulags- og umhverfisráð fái málið aftur á sitt borð til úrvinnslu.

Áfram verður tryggt gott samráð og samstarf við hagsmunaaðila í gegnum ráðið þegar ráðist verður í útfærslur og hönnun svæðisins.

Skipulagsfulltrúa verður falið að fullklára aðal- og deiliskipulag svæðisins í samvinnu við Basalt og í fullu samráði við ráðið og hagsmunaaðila.

*Ráðið vísar ákvörðun um niðurfellingu starfshópsins til afgreiðslu í bæjarráði.
Samþykkt 3:0.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.

Gudr. Þorfinnur Gudjonsson

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir.

Anna Sólveig Smáradóttir.